

13. VESTMANNAEYJAPOSTURINN fer frá *Breiðabólssstað* að *Ljótstöðum* daginn eftir komu austanpóstsins frá Reykjavík og snýr þegar aptur að Breiðabólssstað. Þegar póstattaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótastöðum, skal henni komið svo snemma að Breiðabólssstað, að hún komist á austanpóstinn á leið hans til Reykjavíkur.
14. ÁRNESSYSLUPOSTARNIR eru þrír, og fara þeir allir á stað frá *Hraungerði*, svo fljótt sem unnt er, eftir komu austanpóstsins þangað frá Reykjavík. Einn þeirra fer um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á Skeiðum, annar að *Arnarbæli* í Grímsnesi, og snúa þeir báðir þegar aptur að Hraungerði. Hinn þriðji fer ofan á *Eyrarbakka*, og snýr þaðan aptur morguninn eftir að Hraungerði.

Reykjavík 14. febrúar 1887.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

**Jón Jensson.**

1886

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja útaf þingsályktun um ný lög um skipun prestakalla. — Með brjefi 23. sept. f. á., sendi landshöfðingi Thorberg sál. hingað þingsályktun, sem samþykkt var af neðri deild alþingis 1885, þar sem skorað er á stjórnina að leggja fyrir alþingi 1887 lagafrumvarp um skipun prestakalla, er fari því fram að fast árgjald sje ákveðið úr landssjóði til hvers prófastsdæmis, er þess kynni að þurfa, eða árgjald frá einu prófastsdæmi til annars og að hjeradsfundum prófastsdæmanna verði heimilað með samþykki landshöfðingja að jafna prestaköllin með tillagi frá einu til annars, og með því að skipta milli þeirra landssjóðstillaginu til prófastsdæmisins eða tillagi annars prófastsdæmis til þess.

En eins og Thorberg landshöfðingi tók það fram um leið og hann sendi hingað þingsályktun þessa, að hún að hans áliti væri of óákveðin og málið eigi nógu vandlega hugað, og yfir höfuð væri efni þingsályktunarinnar svo úr garði gjört, að eigi væri hún takandi til greina, þannig getur ráðgjafinn heldur eigi fundið næga ástæðu til eftir þessari áskorun, frá aðeins annari þingdeildinni, að fara nú þegar að gjöra ráðstafanir til að reyna til að fá svo verulegu atriði breytt í lögunum um skipun prestakalla 27. febr. 1880, sem tæplega eru 7 ára gömul.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð til leiðbeiningar og til birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

1887

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útgáfu veitingarbrjefa fyrir brauðum. — Í þóknanlegu brjefi, 24. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi spurzt fyrir um, hvort ekki skuli farið eftir auglýsingu 15. okt. 1884, þegar veitingarbrjef er gefið samkvæmt lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða 8. jan. 1886, þannig að landshöfðingi gefi að eins veitingarbrjef fyrir þeim prestaköllum, sem metin eru minna en 1800 kr.

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að spurningu þessari verður að svara játandi, sbr. einnig ástæðurnar fyrir stjórnarfrumvarpinu 1885

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um afnám svokallaðra Marín- og Pjeturslamba. — Síðasta al-

8

14. jan.